

Velferðarnefnd Alþingis
Kirkjustræti,
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á húsaleigulögum nr. 36/1994, 154. löggjafarþing, 745. mál.

Undirrituð hefur kynnt sér frumvarp til breytinga á húsaleigulögum nr. 36/1994 og tel ég það ganga verulega langt í skyldum á leigusala. Ég starfa sem lögfræðingur og á íbúð í útleigu en sé ekki fram á að það verði raunhæfur möguleiki að halda íbúðinni í leigu ef frumvarpið verður að lögum. Sama mun væntanlega eiga við um þá sem ekki eru lögfróðir. Það mun enda reynast mörgum hverjum erfitt að kynna sér og fylgja eftir þeim nýju og ströngu skyldum sem lagðar verða á leigusala gangi frumvarpið í gegn.

Reykjavík, 23. apríl 2024

Sara Bryndís Þórsdóttir